

# FUNDARGERÐ



## Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

### 112. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 8. nóvember 2012 kl. 13:00

#### *Dagskrá:*

1. Fundarsetning:
2. Fundargerð Brunavarnarnefndar frá 15.10.2012:
3. Fundargerð Skipulags-og umhverfisnefndar frá 25.10.2012:
4. Fundargerð Fræðslunefndar frá 15.10.2012:
5. Hlutur Byggðastofnunar í Atvinnuþróunarfélagi Pingeyinga ehf.:
6. Erindi frá SÁÁ- Betra líf, mannúð og réttlæti:
7. Erindi frá Hallfríði Jónasdóttur:
8. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 og árin 2014-2016:

#### **Til kynningar:**

- a) Fundargerðir 233., 234. og 235. fundar stjórnar Eyþings:
- b) Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra sf. frá 19.09.2012:
- c) Fundargerð stjórnar Leigufélags Hvamms ehf. frá 19.09.2012:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Eiður Jónsson í forföllum Margrétar Bjarnadóttur, Ásta Svavarsdóttir og Árni Pétur Hilmarsson auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

#### **1. Fundarsetning:**

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 8. lið; Fundargerð stýrihóps um skólastefnu í Pingeyjarsveit frá 06.11.2012 og aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

**2. Fundargerð Brunavarnarnefndar frá 15.10.2012:**

Lögð fram fundargerð Brunavarnarnefndar frá 15. október s.l. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 25.10.2012:**

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 25. október s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi liði fundargerðarinnar:

2. lið; Árteigur, umsókn um flutning á flugskýli, að erindið verði grenndarkynnt fyrir nágrönnum skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. lið; Lyngholt í Bárðardal, umsókn um stofnun lóðar um Arndísarstaðagrafreit.

4. lið; Halldórsstaðir 1 í Bárðardal, umsókn um stofnun lóðar.

Eiður vék af fundi undir 2. lið. Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

**4. Fundargerð Fræðslunefndar frá 15.10.2012:**

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 15. október s.l. Árni Pétur gerði grein fyrir fundargerðinni.

Varðandi 1. lið; Húsnæðismál Barnaborgar, teikningar/kostnaðaráætlun, ákvað sveitarstjórn að fresta því máli þar til gengið hefur verið frá yfirfærslu eignarhlutar ríkisins í Hafralækjarskóla til Þingeyjarsveitar. Varðandi 2. lið; Heyrúllur á lóðum sveitarfélagsins við Hafralækjarskóla og við Víðigerði er sveitarstjóra falið að sjá til þess að þær verið fjarlægðar hið fyrsta.

**5. Hlutur Byggðastofnunar í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga ehf.:**

Greint frá því að Byggðastofnun hafi borist tilboð í alla hluti sína í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga ehf. og óski eftir að hluthafar í félaginu falli frá forkaupsrétti að hlutafénu, sem hluthafar hafa samkvæmt 7. gr. samþykktu félagsins.

Samþykkt að Þingeyjarsveit, sem hluthafi, mun ekki nýta sér forkaupsrétt að hlut Byggðastofnunar í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga ehf.

**6. Erindi frá SÁÁ – Betra líf, mannúð og réttlæti:**

Lagt fram erindi dags. 4. október s.l. frá formanni SÁÁ þar sem óskað er eftir stuðningi sveitarstjórnar við átaksverkefnið „Betra líf, mannúð og réttlæti“.

Sveitarstjórn tekur ekki afstöðu til erindisins.

**7. Erindi frá Hallfríði Jónasdóttur:**

Lagt fram erindi dags. 22. október s.l. frá Hallfríði Jónasdóttur þar sem óskað er eftir að sveitarstjórn staðfesti skipti Stekkjarhóls út úr landi Öndólfssstaða.

Sveitarstjórn samþykkir landaskipti jarðanna, Stekkjarhóls landnúmer 220283 og Öndólfssstaða landnúmer 153827 samkvæmt dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra nr. E-139/2010.

**8. Fundargerð stýrihóps um skólastefnu í Þingeyjarsveit frá 06.11.2012:**

Lögð fram fundargerð stýrihóps um skólastefnu í Þingeyjarsveit frá 6. nóvember s.l.

Stýrihópurinn leggur til við sveitarstjórn að Arnór Benónýsson verði ráðinn verkefnastjóri og verkið verði hluti af lokaverkefni hans í menntunarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, leiðbeinandi hans er Dr. Ingvar Sigurgeirsson. Arnór vék af fundi.

Sveitarstjórn samþykkir þá tillögu stýrihópsins að Arnór verði ráðinn verkefnastjóri og víki um leið úr stýrihópnum. Sveitarstjóra er falið að ganga til samninga við Arnór.

**9. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 og árin 2014-2016:**

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun 2013 og næstu þrjú ár þar á eftir, 2014-2016.

Fjármálastjóri mætti til fundarins undir þessum lið og gerði grein fyrir helstu áherslum og forsendum varðandi áætlun 2013.

***Til kynningar:***

- a) Fundargerðir 233., 234. og 235. fundar stjórnar Eyþings:
- b) Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra sf. frá 19.09.2012:
- c) Fundargerð stjórnar Leigufélags Hvamms ehf. frá 19.09.2012:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:55

---

Ólína Arnkelsdóttir

---

Arnór Benónýsson

---

Eiður Jónsson

---

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

---

Friðrika Sigurgeirsdóttir

---

Árni Pétur Hilmarsson

---

Ásta Svavarsdóttir